

L Ö G

um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að bjóða til sölu og selja, ef viðunandi tilboð fást, eftirtaldar fasteignir ríkisins:

Prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, að undanskilinni Melrakkaey.

Húseignina Tómasarhaga 15 í Reykjavík.

Húseignina Brekkugötu 18, Hafnarfirði.

Húseignina Vesturbraut 2, Grindavík.

Prestsseturshúsið á Húsavík.

Húseignina Melgerði 10 í Kópavogi.

Prestssetursjörðina Velli í Svarfaðardal, enda hafi Svarfaðardalshreppur forkaupsrétt á jörðinni.

Þá er ríkisstjórninni heimilað að fá Skátafélagi Akraness til umráða með nánar tilteknum skilmálum spildu úr landi kirkjujarðarinnar Stóru-Drageyrar í Skorradal, allt að 700 metra meðfram Skorradalsvatni og upp í fjallshlið.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að afhenda Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umráða allt að 50 hektara úr svonefndum Móadal í landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, svo og aðgang að hálfum hektara á sjávarströnd jarðarinnar.

Ríkisstjórninni er og heimilt að afhenda ábúandanum á nýbýlinu Tungunesi til eignarumráða vegna landskemmda af völdum vegagerðar spildu úr landi prestssetursins Háls í nesinu austan Fnjóskár.

Enn fremur að selja eigendum Ærlækjar í Öxarfirði spildu (Skinsstaðarandir) úr landi prestssetursins Skinnastaða, er svari til þeirrar landspildu, er miðskólinn í Lundi fær úr Ærlækjarlandi, enda sé söluverð hliðstætt á landspildum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.